

Efnisyfirlit

Stjórnkerfi fiskveiða	2
Strandveiðar	3
Makrílveiðar.....	7
Grásleppuveiðar	8
Hvítlúða	10
Laxeldi.....	11
Hvalveiðar	11
Veiðar á beitusíld	11
Byggðakvóti	12
Fiskverð.....	13



33. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur til sjávarútvegsnefndar frá svæðisfélögum

Stjórnkerfi fiskveiða

Snæfell lýsir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.

Snæfell mótmælir harðlega uppboðsleið á aflaheimildum. Slíkar hugmyndir stefna útgerð um land allt í uppnám og óvissu.

Reykjanes hafnar öllum framkomnum hugmyndum um uppboðsleið.

Klettur skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.

Klettur skorar á stjórnvöld og ráðherra að beita sér fyrir því að strandveiðiafli telji til viðmiðunar til VS heimildar líkt og allur annar afli gerir.

Klettur telur brýnt að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum, aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.

Klettur fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrunar og spillingar.

Klettur lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.

Klettur leggur til að bátar án aflahlutdeildar fái að flytja aflamark milli fiskveiðiára til að tryggja samfelldar veiðar þeirra. Aflamark sem fengist flutt milli ára yrði hlutfall að veiði viðkomandi báts. Heimild til að geyma aflamark milli ára verði bundið 100% veiðiskyldu.

Klettur skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

Sæljón gerir kröfu um að handfæraveiðar á ufsa verði gerðar frjálssar þar sem ekki hefur náðst að veiða viðmiðunarkvóta undanfarin ár.

Strandveiðar

Snæfell leggur til að tillögur til strandveiða verði eftirfarandi:

Leyfðir verði 12 sóknardagar í hverjum mánuði maí-ágúst á hverju ári mánudag-fimmtudag, með sömu takmörkunum og nú eru þ.e. 774 kg, fjórar rúllur, 14 klst, óframseljanlegir og ófæranlegir milli mánaða.

Greinargerð.

Með þessu yrði hægt að velja veður sjálfur (12 af 16 dögum), betri afli, hærra verð og dreifðist betur yfir mánuðinn. Veikindi og bilanir yrði hægt að taka á, án þess að missa sóknardag.

Árborg leggur til að strandveiðar verði heimilaðar samfelld 4 daga í viku frá maí – ágúst, aðrar reglur verði óbreyttar.

Drangey styður þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi að breyta fyrirkomulagi strandveiða þannig að hver bátur fái að veiða allt að 50 daga á hverju strandveiðitímabili og að strandveiðitímabilið verði lengt í a.m.k. 6 mánuði.

Drangey skorar á Fiskistofu að breyta mánaðarlegum útreikningi á gjaldi vegna umframafla á strandveiðum þannig að það miðist við mánaðarlegt meðalverð á afla hvers báts.

Elding leggur áherslu á að svokölluð 4x4 útfærsla á strandveiðum, að viðbættu því að ufsi sem að ekki hefur náðst undanfarin ár, verði gefin frjálss.

Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að strandveiðar verði heimilar mánudaga til og með fimmtudaga mánuðina maí, júní, júlí og ágúst, án annarra takmarkana.

Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að strandveiðibátum verði heimilt að hætta strandveiðum hvenær sem er á strandveiðitímabilinu, og fái þeir samstundis almennt veiðileyfi.



Greinargerð.

Telur félagið að það sé algerlega ótækt að ekki sé hægt að nýta atvinnutæki eins og best hentar hverju sinni. Ef að strandveiðar eiga að vera atvinna, en ekki bara „hobbý“ verða menn að geta snúið sér að öðrum veiðum, t.d. makríl eða ufsa þegar þeim hentar og/eða þegar strandveiði lýkur.

Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að ufsi teljist ekki inn í aflaviðmið á strandveiðum.

Klettur leggur til að ufsi telji ekki til aflamarks á strandveiðum.

Krókur leggur til að ónýttar ufsaveiðiheimildir í lok kvótaárs komi til viðbótar við strandveiðipott næsta árs og að ufsi, upp að 250 kg á dag, dragist ekki frá strandveiðipotti í þorskígildum.

Fontur skorar á stjórnvöld að afnema allar takmarkanir á handfæraveiðum á ufsa, þar með talið að hann teljist ekki til viðmiðunar við strandveiðar.

Reykjanes krefst þess að ufsi reiknist ekki til viðmiðunar í strandveiðum.

Félag smábátæigenda á Austurlandi vill að sérstakt gjald af strandveiðum til hafna verði lagt niður.

Elding mótmælir því að strandveiðiflotinn sé tekinn út fyrir sviga og sé eina sérleyfið sem þarf að greiða sérstakt gjald, 50.000 kr. Fundurinn minnir á að þetta eru minnstu leyfin og ein af rökunum fyrir strandveiðinni var að gera mönnum kleift að byrja í útgerð. Hefði því mátt ætla að þetta væri stuðningur en ekki skattur.

Hrollaugur vill að sérstakt 50.000 kr gjald á strandveiðar verði afnumið.

Hrollaugur vill að allur byggðakvóti verði settur í strandveiðikerfið og að byggðakvótakerfið verði lagt niður. Strandveiðikerfið myndi eflast það mikið að smábátaútgerð myndi auka störf um allt land og einnig í þeim byggðum sem reiða sig hvað mest á byggðakvóta. Tækifæri myndu aukast í öllum byggðum í að koma af stað smábátaútgerðum og auka við nýliðun.

Hrollaugur vill að strandveiðibátum verði heimilt að fá farþegaleyfi samhliða strandveiðileyfi og megi bjóða til sölu ferðir á strandveiðar að útfylltum öryggiskröfum Samgöngustofu. Fjöldi farþega í hverjum báti ræðst af stærð báts og öryggisbúnaði.



Á banndögum í strandveiðikerfinu og ef einhverra hluta vegna komi til stöðvunar veiða verði strandveiðibátum heimilt að bjóða upp á sjóstangaveiðiferðir og falli þá undir kröfur Fiskistofu um 49 fiska á dag.

Með þessu myndu tækifæri innan strandveiðikerfisins aukast til muna og bátarnir fengju betri nýtingu við atvinnusköpun allt í kringum landið. Kerfið yrði um leið fýsilegra fyrir nýliða.

Hrollaugur vill að LS berjist af alefli fyrir því að strandveiðar verði leyfðar 4 daga í viku frá 1. maí til 31. ágúst ár hvert á öllum svæðum án þess að það komi til stöðvunar veiða.

Komi fram á Alþingi tillögur að eflingu strandveiðikerfisins sem miða að eflingu kerfisins svo um munar skuli fara fram eins skjótt og auðið er rafræn kosning meðal félagsmanna LS með svarmöguleikanum já/nei um það hvort LS komi með opinbera yfirlýsingu um stuðning við tillögurnar eða ekki.

Með því næst fram skýr vilji allra félagsmanna LS um afstöðu til frumvarpa á þingi er varða strandveiðar.

Klettur skorar á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar enn frekar og tryggja samfelldar veiðar 4 daga í viku í fjóra mánuði í samræmi við áður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS.

Klettur leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðamót.

Fontur leggur til að leyfi til strandveiða falli úr gildi þegar veiðum er lokið í ágúst.

Drangey ályktar að hægt sé að segja sig frá strandveiðikerfinu hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.

Klettur leggur til að ólögmætur umframafli á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti.

Klettur leggur til að eigendaákvæðið í strandveiðikerfinu verði fellt út.

Klettur leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á mánudeginum eftir sjómannadag.

Klettur leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á fimmtudeginum fyrir verslunarmannahelgi.

Verði strandveiðkerfið óbreytt er það ósk **Kletts** að strandveiðipotturinn innan svæðis B víxlist í maí og ágúst.



Fontur leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt. Í stað þess að heimilt verði að veiða 650 þorskígildi á dag verði miðað við 4 daga og 2.600 þorskígildi samtals í hverri strandveiðiviku.

Greinargerð.

Tillögunni er gert að auka hagræði við veiðar. Koma til móts við hægginga báta þegar langt þarf að sækja. Auka gæði afla og auka umhverfisvænleika veiðanna með minni eldsneytisnotkun. Þá mun tillagan leiða til jafnara framboðs á markaði og hærra fiskverðs. Með breytingunni munu líkur á að bæta við manni í áhöfn aukast vegna aukinnar hagkvæmni við veiðarnar, skref til aukinnar nýliðunar.

Fontur er samþykkur stefnu LS um strandveiðar – 4 dagar í viku frá 1. maí til 31. ágúst – að ekki komi til stöðvunar á tímabilinu.

Krókur leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt þannig að bátur geti fengið strandveiðileyfi sem gildir í 4 mánuði samfleytt innan kvótaársins. Leyfilegt verði að veiða 48 daga á tímabilinu að hámarki 4 daga í viku að eigin vali og með núverandi takmörkunum á aflamagni, rúllufjölda og 14 klst reglunni.

Með þessu fyrirkomulagi verður hagræðing í strandveiðikerfinu. Það fellur betur að þörfum manna á mismunandi svæðum þar sem besti tími á handfærum er ekki sá sami um allt land. Öryggislega séð er þetta mikill ávinningur því smábátum á að róa eftir veðri ekki eftir klukku. Það verður aukin dreifing afla inn á markaði með þessu fyrirkomulagi.

Reykjanes leggur til að strandveiðar verði 4 dagar í viku samfelld í 4 mánuði.

Skalli skorar á stjórnvöld að auka við aflaheimildir til strandveiða, þar sem fisk vantar í vinnslur yfir sumarið. Kom það ápreifanlega fram í ágúst sl.

Sæljón tekur undir hugmyndir um að strandveiðikerfinu verði breytt þannig að hægt sé að róa fjóra daga í viku, fjóra mánuði á ári með fjórar rúllur og sama róðratíma 14 klst.

Strandir leggur til að hert verði á reglum sem gilda um eignarhald á strandveiðibátum. Félagið lýsir stuðningi við starf forystumanna LS er viðkemur strandveiðum samtímis sem hvatt er til áframhaldandi baráttu fyrir auknum veiðirétti.



Makrílveiðar

Snæfell mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl og ekki verði kvikað frá kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla á makríl.

Árborg leggur til að 16% af leyfilegum heildarafla á makríl komi í hlut færabáta. Ennfremur að reglugerð um kvótasetningu færabáta sem sett var fyrir 3 árum verði felld úr gildi og veiðar gefnar frjálssar.

Hrollaugur vill að smábátar fái 16% hlutdeild í makríl og veiðar á honum gefnar frjálssar upp að 16% af heildarkvóta hans.

Fontur tekur undir kröfuna um að aflaheimildir færabáta í makríl verði 16% af leyfilegum heildarafla og reglugerð um kvótasetningu smábáta verði felld úr gildi.

Smábátafélag Reykjavíkur vill frjálssar makrílveiðar hjá smábátum.

Skalli gerir kröfu um að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar til veiða á allt að 16% af leyfilegum heildarafla.

Elding samþykkir að frjálssar handfæraveiðar á makríl verði leyfðar norðan Látrabjargs, austur og að vestra Horni.

Greinargerð.

Það hefur orðið vart við mikinn makríl á þessu svæði undanfarin ár, en vegna kvótaskorts hafa heimabátar ekki haft möguleika á að reyna veiðar á þessum svæðum. Það er stuttur tími til að ná kvótanum og því geta kvótabátarnir ekki eytt miklum tíma í að leita nýrra miða. Hins vegar væri hægt að kortleggja útbreiðslu og tímasetningu makríls á grunnslóð mun betur, ef að veiðarnar yrðu gefnar frjálssar á þessu svæði.

Klettur telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl og vega að einhverju leyti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálssar á grunnslóð.

Krókur leggur til að krókaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar og að hlutdeild þeirra í veiðunum verði lágmark 16%.

Krókur leggur til að ónýttar makrílveiðiheimildir (umfram leyfilega tilfærslu milli ára) verði fært sem viðbót við 2.000 tonna leigupott næstu makrílvertíðar.

Sæljón telur að hlutur smábáta í makrílkvótanum við Ísland eigi að vera að lágmarki 16.000 tonn.

Félagið harmar stjórnun þessara veiða sl. ár og lýsir vanþóknun sinni á þeim vinnubrögðum sem notuð voru við ákvarðanatöku að veiðunum.

Strandir gerir kröfu um að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar og hafnar kvótasetningu á makríl.

Farsæll leggur til að makrílveiðar smábáta verði gefnar frjálssar.

Grásleppuveiðar

Snæfell vill að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.

Greinargerð.

Sameining leyfa verði til þess að hagkvæmara verði að gera út grásleppubát, nýta netaúthaldið og bátinn í lengri tíma en nú er o.s.frv.

Snæfell vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir hvort kvótasetja eigi grásleppu eða ekki.

Snæfell leggur til að veiðidagar á grásleppuveiðum taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.

Snæfell leggur til við aðalfund LS að nú þegar verði hafin vinna að kvótasetningu, þ.e.a.s. aflamark per bát á grásleppu.

Við þessa vinnu er þó frumskilyrði að veiðiskyldan sé 0% og við kvótasetningu verði viðmiðunartíminn við útreikning aflaviðmiðunar mjög langur, eða að lágmarki 7 ár.

Verði þetta ekki gert er þessi tillaga fallin um sjálfa sig.

Æskilegt er að þeir sem ekki tengjast grásleppuveiðum á nokkurn hátt sitji hjá við atkvæðagreiðsluna.

Báran mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppuveiða.

Elding mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Félag smábátæigenda á Austurlandi hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Vill félagið benda á að grásleppuveiðar eru ásamt strandveiðum nánast eini möguleiki manna til að hefja útgerð.

Hrollaugur mótmælir með öllu hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu. Kvótasetning grásleppu eykur samþjöppun í sjávarútvegi og dregur úr tækifærum nýliða í sjávarútvegi og þar með aðgengi komandi kynslóða að greininni.

Klettur leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 20. mars á svæði E.

Klettur leggur til að stækkun grásleppuleyfa verði einungis gerð með sameiningu leyfa. Jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi á báta, þannig að bátur geti stundað veiðar með fleiri en einu leyfi og mætt þannig kröfu um aukna hagræðingu.

Klettur fer þess á leit við starfandi ráðherra hverju sinni að hann vandi vinnubrögð og ákvarðanatöku um lengd veiðitíma á grásleppu, óvönduð vinnubrögð öllu mörgum grásleppuútgerðum tjóni í vor 2017.

Klettur leggst alfarið á móti kvótasetningu á grásleppu.

Fontur beinir því til þeirra er málið varðar, að óheimilt er að landa grásleppu af bátum sem ekki hafa veiðileyfi til grásleppuveiða. Ennfremur að utan leyfilegs veiðitíma ber að sleppa allri grásleppu sem veiðist.

Fontur lýsir áhyggjum af lækkandi verði á grásleppuhrognum. Frá því sjómenn hófu að landa grásleppu og selja hana óskorna hefur verð á hrognum ekki náð til þeirra hæða sem búist var við. Við vinnslu grásleppunnar leggst á mikill kostnaður sem verðfellir hrognin. Það er skoðun Fonts að sjómenn íhugi það vandlega hvort ekki sé rétt að skera grásleppuna um borð og láta lífríki sjávar njóta þess sem til fellur þar til viðunandi verð fæst fyrir skorna grásleppu.

Fontur leggur til að LS sjái alfarið um miðlun og sölu á grásleppu og grásleppuhrognum.

Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Krókur leggur til að leyfð verði notkun belgja (sem valmöguleika) á grásleppuveiðum.

Krókur leggur til að hægt verði að nýta grásleppudagana betur með því að tilkynna inn ef ákveðið er að draga upp og telji þá ekki tíminn fyrr en lagt er aftur.

Skalli leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæði E verði 10. febrúar.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur meðafli farið vaxandi á hefðbundnum veiðitíma grásleppu á svæði E.

Grásleppusjómenn skýra það með aukinni loðnugengd á grunnslóð.

Þá er það skoðun sjómanna að hækkandi sjávarhiti hafi breytt göngumynstri hrognkelsa umtalsvert.

Vissa er fyrir því að ágætlega hrognafullar grásleppur hafa veiðst í rauðmaga og þorskanet í febrúar á síðustu árum. Á þeim tíma er loðna venjulega ekki gengin á hefðbundna veiðislóð hrognkelsa sem væntanlega myndi þýða minni meðafla.

Út frá framangreindu telur Skalli fyllilega tímabært að upphafstími grásleppuveiða verði færður fram.

Sæljón mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Félagið krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð.

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Félagið telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur félagið að Landsamband smábátæigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.

Strandir leggur til að stjórnun grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.

Hvítlúða

Snæfell vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Snæfell fer fram á að LS óski eftir gögnum frá Hafró um rannsóknir og niðurstöður úr þeim rannsóknum um vöxt eða hnignun lúðustofnsins í íslenskrri landhelgi síðan lúðuveiðar voru alfarið bannaðar 1. janúar 2012 á króka en áfram leyft löndun á lúðu úr öðrum veiðarfærum, ef að lúða væri talin hafa litlar lífslíkur.

Klettur skorar á ráðherra að gera breytingar á lúðubanni og leyfa öllum veiðarfærum að landa lúðu sem meðafla.

Krókur leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða.

Farsæll skorar á stjórnvöld að heimila löndun (sölu) á lúðu sem meðafla.

Laxeldi

Elding mælir með laxeldi í Ísafjarðardjúpi, enda verði farið eftir öllum umhverfiskröfum. Við vitum að það er ekki hagur neins og allra síst eldismanna að fiskur sleppi úr kvíunum.

Hvalveiðar

Elding hvetur til hvalveiða við Ísland.

Veiðar á beitusíld

Elding samþykkir að leyfðar verði veiðar á beitusíld eða annarri beitu.

Greinargerð.

Það er gömul hefð fyrir þessum veiðum, þetta hjálpaði mönnum til að ná endum saman. Í dag gæti þetta hjálpað nýliðum að byrja að gera út.

Byggðakvóti

Elding vill að allur byggðakvóti verði veiddur á króka af dagróðrabátum undir 30 tonn að stærð.

Hrollaugur leggur til ef til úthlutunar byggðakvóta kemur, verði honum eingöngu úthlutað á dagróðrabáta á krókaveiðum.

Fontur leggur til að úthlutun á byggðakvóta verði ekki lægri en 100 tonn til viðkomandi byggðarlaga.

Farsæll er alfarið á móti byggðakvóta.

Humarveiðar smábáta

Hrollaugur vill að LS beiti sér fyrir því að kanna möguleika á humarveiðum í gildrur.

Nú er það nokkuð ljóst að verið er að eyðileggja humarmiðin með öflugum togurum og að hluti humarkvótans brennur inni. Nú er tækifæri til að opna fyrir nýjungar í veiðum smábáta við Ísland.

Verum opnir fyrir framtíðinni og nýjungum í greininni.

Humarveiðar í gildrur samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðsetningu grjótkrabba.

Sæljón vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrur í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba.

Sæljón skorar á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar.

Humarveiðar í gildrur lágmarkar áhrif á lífríki hafsins og eykur nýtingu auðlindarinnar til muna.

Greinargerð.

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði

arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátæigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu.

Með því að heimila humarveiðar í gildrur upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba sem í framtíðinni yrði sjálbærar og umhverfisvænar veiðar.

Botnvarpa

Hrollaugur vill banna veiðar með botnvörpu innan 12 mílna.

Botnvarpa hefur mikil áhrif á lífríkið og á ekki heima innan 12 mílna frá landi.

Fiskverð

Sæljón telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Það verður að vera hafið yfir allan vafa að ekki sé um samráð að ræða á milli fiskkaupenda. Fulltrúar Landssambands smábátæigenda þurfa að fara í þetta mál.